

FUNDARGERÐ 518. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 18. ágúst 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Dóra Björt Guðjónsdóttir.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Skýrsla áhættunefndar

Svana Helen Björnsdóttir, formaður áhættunefndar, gerir grein fyrir skýrslu áhættunefndar SORPU bs. Helstu niðurstöður hennar eru að áhætta í starfsemi SORPU er á flestum sviðum ásættanleg. Enn er til staðar ýmis áhætta, einkum á sviðum stjórnkerfis og stefnumótunar byggðasamlagsins. Vinna í tengslum við ESA-málið hefur varpað ljósi á þessar áhættur, og skapað tækifæri til úrbóta.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna, og felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að því að draga úr og hafa eftirlit með áhættu í rekstri SORPU bs.

2. Árshlutauppgjör SORPU bs. – sex mánaða uppgjör 2025

Fjármálastjóri gerir grein fyrir drögum að óendurskoðuðu sex mánaða uppgjóri SORPU bs.

Endurskoðað uppgjör verður lagt fyrir á næsta fundi stjórnar.

3. Drög að fjármálastefna SORPU bs.

Fjármálastjóri gerir grein fyrir drögum að fjármálastefnu SORPU bs.

Stjórn þakkar fyrir kynningu og leggur áherslu á að fjármálastefna verði uppfærð með tilliti til breytinga sem kunni að verða í kjölfar vinnu við ESA-verkefnið, sérstaklega með tilliti til arðgreiðslustefnu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna drögin áfram og leggja fyrir á næsta fundi stjórnar.

4. Forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026

Fjármálastjóri gerir grein fyrir helstu forsendum fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026.

Stjórn samþykkir framlagðar forsendur.

5. Undirbúningsfélag um byggingu hátæknibrennslu

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu á stofnun undirbúningsfélags um byggingu hátæknibrennslu.

Gert hefur verið ráð fyrir að stofnað verði einkahlutafélag í eigu SORPU, Kölku og íslenska ríkisins sem hefði það hlutverk að þróa áfram hugmynd um byggingu sorpbrennslu með orkuendurheimt á Íslandi. Rökin með stofnun slíks félags hafa verið eftirfarandi:

- Stefnt er að einni brennslu fyrir allt landið, heppilegt að verkefnið fái sjálfstæðan málsvara, þ.e. að það sé ekki tengt beint við SORPU.
- Miðað var við að ríkið legði til hlutafé.
- Þar sem um samstarf margra aðila yrði að ræða væri heppilegt að taka verkefnið úr daglegum rekstri hluthafa þess.

Nú hafa mál skipast þannig að aðkoma ríkisins snýst fyrst og fremst um hönnun og fjármögnun flutningsjöfnunarkerfis fyrir landsbyggðina og eftir atvikum um stuðning við landsbrennslu með breytingum á lögum.

Af þessu leiðir tvennt, annars vegar að ríkið lítur á það sem hlutverk sitt að tryggja flutningsjöfnun en ekki að reisa og reka brennsluna sjálfa.

Til stendur að skipaður verði starfshópur á vegum umhverfisráðuneytis sem ætlað er sinna þessum þáttum.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu, og tryggja beina aðkomu ríkisins að verkefninu.

6. Málefni endurvinnslustöðva – Dalvegur

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu lokunar endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg.

SORPA áætlaði lokun á Dalvegi 1. september 2025 og opnun bráðabirgðastöðvar á Glaðheimasvæðinu sama dag, samanber aðgerðaáætlun til að mæta lokun Dalvegur, sem var kynnt á 510. fundi stjórnar SORPU.

Bæjarráð Kópavogs ákvað á fundi sínum 17. júlí sl. að fresta lokun stöðvarinnar við Dalveg til 1. febrúar 2026. Vinna við uppbyggingu bráðabirgðastöðvar var stöðvuð samhliða þessari ákvörðun bæjarráðs Kópavogs.

Til að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin mun stjórn taka til rýni stefnumótandi skýrslu tæknimanna sveitarfélaga um framtíð endurvinnslustöðva.

Bréf bærarstjóra Kópavogs sem lagt var fram á fundi bæjarráðs Kópavogs 17. júlí sl. fylgir fundargerð.

7. Málefni endurvinnslustöðva – Jafnasel

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir afgreiðslu borgarráðs, dags. 21. júlí sl., á erindi SORPU, dags. 4. febrúar sl., um tímabundin afnot af lóð borgarinnar við hlið endurvinnslustöðvarinnar við Jafnasel.

Erindið var hluti af aðgerðaráætlun SORPU til að mæta þeirri stöðu sem kom upp þegar Kópavogur fór fram á að SORPA skilaði lóðinni sem endurvinnslustöðin við Dalveg stendur á. Borgarráð hafnaði ósk SORPU með vísan til umsagna fjármála- og áhættustýringarsviðs, og umhverfis- og skipulagssviðs.

Svar borgarráðs fylgir fundargerð.

8. Fundaráætlun stjórnar

Umræður.

9. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu framkvæmdastjóra.

Skýrsla framkvæmdastjóra fylgir fundargerð.

10. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður mánudaginn 8. september klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 10:00.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs.

Kópavogi, 15. júlí 2025
2209119/511.04 ÁK

Efni: Tillaga að framlengingu á uppsögn leigusamnings Sorpu á Dalvegi

Með bréfi dags. 5. september 2022 var farið fram á við Sorpu bs. að starfsemi Sorpu við Dalveg 1 yrði hætt og að lóðinni yrði skilað til Kópavogsbæjar eigi síðar en 1. september 2024.

Á fundi Sorpu þann 21. desember 2023 var samþykkt að koma á fót starfshópi um staðarval fyrir endurvinnslustöð í stað endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg. Hópurinn skilaði af sér tillögu í desember 2024 sem kynnt var bæjarráði Kópavogs sem fól sviðstjóra umhverfissviðs að vinna málið áfram í samstarfi við Sorpu. Sú vinna stendur nú yfir en er ekki lokið.

Auglýst hefur verið eftir áhugasömum aðilum um þróun á lóðinni Dalvegi 1 sem skilgreind er sem verslunar- og þjónustusvæði í Aðalskipulagi Kópavogs. Umsóknarfrestur var til 30. júní 2025. Eftir er að vinna og velja úr innsendum tillögum. Þeim aðilum sem eiga þá hugmynd sem valin er til áframhaldandi samstarfs verður síðan boðið til viðræðna um lóðarvilyrði til tveggja ára. Innan þess tímaramma skal lóðarvilyrðishafi vinna að tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina í takt við sínar hugmyndir og hugmyndir Kópavogsbæjar um heildarsýn fyrir Kópavogsdal sem settar voru fram í apríl 2024.

Í ljósi ofangreinds er ljóst að tímabundið áframhald á starfsemi Sorpu á Dalvegi mun ekki hafa áhrif á frekari þróun á svæðinu. Því er lagt til að sá tími sem Sorpu var gefinn til að fjarlægja starfsemi sína af Dalvegi 1 verði framlengdur til 1. febrúar 2026.

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri



Borgarráð

Reykjavík, 21. júlí 2025
MSS25020032

Umsókn SORPU bs. um tímabundin afnot af lóð undir endurvinnslustöð við Jafnasel

Lagt er til að borgarráð hafni beiðni SORPU bs. um tímabundin afnot af lóðinni sem hverfastöð Breiðholts stendur á undir endurvinnslustöð með vísan til umsagna fjármála- og áhættustýringarsviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.


Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi SORPU um tímabundin afnot af lóð undir endurvinnslustöð við Jafnasel.

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um umsókn SORPU um tímabundin afnot af lóð hverfabækistöðvar USK við Jafnasel 1 og 3.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um umsókn SORPU um tímabundin afnot af lóð við Jafnasel.



Reykjavík

Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.
Til: Borgarráðs Reykjavíkur
Efni: Tímabundin afnot af lóð undir endurvinnslustöð við Jafnasel

4. febrúar 2025

Tímabundin afnot af lóð undir endurvinnslustöð við Jafnasel

Samantekt

- Stjórnendur SORPU óska þess að hefja viðræður við Reykjavíkurborg um tímabundin afnot af lóðinni sem hverfastöð Breiðholts stendur á undir endurvinnslustöð
- Með tímabundinni stækkun endurvinnslustöðvarinnar við Jafnasel má draga verulega úr því ónæði sem líklegt er að íbúar í Reykjavíkur verða fyrir þegar endurvinnslustöðin við Dalveg lokar
- Ef ekkert er að gert þarf að draga úr þjónustuframboði stöðvarinnar við Jafnasel til að draga úr aðsókn

Minnisblað

Í september árið 2022 barst SORPU erindi frá bæjaryfirvöldum í Kópavogi þar sem farið var fram á að lóðinni sem endurvinnslustöðin við Dalveg stendur á yrði skilað þann 1. september 2024, sjá fundargerð 471. fundar stjórnar SORPU. SORPA brást við erindinu með stofnun starfshóps, sem lagði í apríl 2023 til nýja staðsetningu fyrir endurvinnslustöð í stað stöðvarinnar við Dalveg, sjá fundargerð 479. fundar stjórnar SORPU.

Þar sem sú staðsetning þótti ekki henta var öðrum starfshóp falin leit að annarri staðsetningu í desember árið 2023, sjá fundargerð 489. fundar stjórnar SORPU. Sumarið 2024 komust Kópavogsbær og SORPA að samkomulagi um að fresta skilum á lóðinni við Dalveg til 1. september 2025, sjá fundargerð 3180. fundar bæjarráðs Kópavogs. Seinni starfshópurinn skilaði svo niðurstöðu, þar sem lagt var til að ný stöð yrði á Glaðheimasvæðinu í Kópavogi, sjá fundargerð 509. fundar stjórnar SORPU.

Hópurinn áætlað að tvö til fjögur ár taki að koma stöðinni í virkni. Því verða fimm endurvinnslustöðvar SORPU á höfuðborgarsvæðinu í stað sex í eitt til þrjú ár þar til ný stöð opnar. Til að mæta þeim áskorunum sem skapast vegna lokunar stöðvarinnar við Dalveg hafa stjórnendur SORPU fram aðgerðaáætlun til að draga úr neikvæðum áhrifum þessara breytinga, sjá fundargerð 510. fundar stjórnar SORPU.

Hluti þessarar áætlunar er óska eftir tímabundnum afnotum af lóðinni nú er nýtt undir Hverfastöð Breiðholts, og er við hlið lóðarinnar sem endurvinnslustöðin við Jafnasel stendur á. Meðfylgjandi

er fundargerð 510. fundar stjórnar SORPU og kynning á aðgerðaráætlun þeirri sem lögð var fyrir stjórn SORPU á sama fundi.

Þegar endurvinnslustöðin við Dalveg í Kópavogi lokar þann 1. september 2025 telja stjórnendur SORPU verulegar líkur á því að það muni hafa í för með sér röskun á þjónustu við íbúa Reykjavíkur, sérstaklega í Breiðholti. Þeir gestir SORPU sem áður hafa nýtt sér endurvinnslustöðina við Dalveg koma líklega til með að nýta þær stöðvar sem eru í stystri fjarlægð frá stöðinni við Dalveg, það er að segja stöðina við Jafnasel og á Sævarhöfða. Stöðin við Sævarhöfða er hins vegar á förum og lokar þegar stöðin við Lambhagaveg verður tekin í notkun á öðrum ársfjórðungi 2026.


Allt kapp verður lagt á að beina gestum Dalvegar á stöðvarnar við Breiðhelli í Hafnarfirði og á Lambhagaveg, en talsverðar líkur eru á að fjöldi þeirra muni samt sem áður sækja í Jafnaselið. Stöðin við Jafnasel er þegar við þolmörk, þegar horft er til heimsóknna. Eins og fram kemur í meðfylgjandi aðgerðaáætlun, sem fylgir þessu erindi, telja stjórnendur SORPU þörf á að grípa til aðgerða til að draga úr álagi á stöðina, verði ekkert annað að gert. Meðal þeirra aðgerða væri til dæmis að loka móttöku fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir á stöðinni, og loka fyrir móttöku á framkvæmdaúrgangi og timbri á stöðinni til að draga úr aðsókn og styttu heimsóknartíma.

Stjórnendur SORPU hafa greint kost í stöðunni, sem myndi gera það að verkum að hægt væri að viðhalda þjónustu stöðvarinnar við Jafnasel og mögulega efla hana þannig að hún gæti betur tekið á móti þeirri aukningu sem búist er við að verði í heimsóknum þegar stöðin við Dalveg lokar.

Hverfastöð Breiðholts er á förum af lóðinni sem liggur við hlið endurvinnslustöðvar SORPU við Jafnasel. Með lágmarksraski, -framkvæmdum, og -kostnaði mætti tengja lóðirnar tvær og stækka tímabundið endurvinnslustöð SORPU við Jafnasel inn á lóðina sem nú er nýtt undir hverfastöðina og þannig viðhalda þjónustu SORPU við íbúa í Breiðholti.

Með þessu erindi óska stjórnendur SORPU því eftir því að hefja formlegar viðræður við borgaryfirvöld um tímabundin afnot af lóð hverfastöðvar Breiðholts, afnot sem myndu hefjast eins fljótt og verða má til að hægt væri að undirbúa lóðina undir breytta notkun.

Virðingarfyllst,



Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið, Eignaskrifstofa

Reykjavík, 3. júlí 2025

MSS25020032

Umsögn um umsókn Sorpu um tímabundin afnot af lóð hverfabækistöðvar USK við Jafnasel 1 og 3.

Fjármála- og áhættustýringarsviði, eignaskrifstofu, hefur borist til umsagnar umsókn Sorpu um tímabundin afnot af lóð hverfastöðvar Breiðholts í Jafnaseli 1-3 undir endurvinnslustöð.

Umhverfis- og skipulagssvið er með umrædda lóð og fasteignir sem á henni eru til ráðstöfunar. Skrifstofa borgarlandsins hjá Umhverfis- og skipulagssviði hefur verið að skoða að flytja hverfastöð við Jafnasel, Rafstöðvarveg og Þjónustumiðstöðina við Stórhöfða og sameina í eina nýja hverfastöð austur en hverfastöð vestur er í Örfirisey. Þegar er búið að skerða umráðasvæði Þjónustumiðstöðvar á Stórhöfða vegna framkvæmda á Ártúnshöfða.

Þangað til ný stöð verður byggð sem verður eftir 3-5 ár telur skrifstofa borgarlandsins ekki raunhæft að loka hverfastöð í Jafnaseli.

Þar sem lóð hverfastöðvar skrifstofu borgarlandsins í Jafnaseli er þegar í notkun og Umhverfis- og skipulagssvið má ekki við að missa hluta af henni er lagt til að umsókn Sorpu verði hafnað.

Hægt væri að taka upp viðræður um leigu eða sölu þegar ljóst verður með framtíð hverfastöðvar Reykjavíkurborgar við Jafnasel. Það er ekki tímabært núna en vonandi verður það innan árs.

Hins vegar má benda Sorpu á að kanna hvort hægt sé að taka á leigu hluta af lóð og fasteignum í Jafnaseli 6 sem eru í einkaeigu til stækkunar á núverandi umráðasvæði Sorpu.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig
Eignaskrifstofa
Fjármála- og áhættustýring



Reykjavík



Borgarráð Reykjavíkur

Reykjavík, 14. mars 2025

MSS25020032

Umsögn um umsókn Sorpu um tímabundin afnot af lóð við Jafnasel

Umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu umhverfisgæða, hefur borist til umsagnar umsókn Sorpu um tímabundin afnot af lóðinni sem hverfastöð Breiðholts stendur á undir endurvinnslustöð. Umsókn Sorpu er tilkomin vegna lokunar endurvinnslustöðvar við Dalveg sem mun hafa í för með sér skerðingu á þjónustu við íbúa í Reykjavík, Kópavogi og Garðabæ.

Undirritaður hefur átt samtal við skrifstofustjóra skrifstofu borgarlandsins sem rekur hverfastöðina við Jafnasel. Skrifstofa borgarlandsins má ekki við því að missa pláss við hverfastöðina og hverfastöðin mun ekki flytja frá Jafnaseli fyrr en reist hefur verið ný stöð sem sameina mun hverfastöðina Jafnaseli og þjónustumiðstöðina við Stórhöfða. Verður það í fyrsta lagi eftir 2-3 ár.

Vakin er athygli borgarráðs á eftirfarandi vegna kröfu Kópavogsbæjar um að lóð endurvinnslustöðvar Sorpu við Dalveg verði skilað:

- Samkvæmt 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 skulu sveitarstjórnir sjá um að starfræktar séu söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu.
- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu gerðu með sér samning árið 2007 um rekstur endurvinnslustöðva, sjá hjálagðan samning og afgreiðslu bæjarráða. Samkvæmt 10. gr. samningsins skal ákvörðun um fjölgun, fækkun, færslu eða meiriháttar breytingar á endurvinnslustöðvum tekin af stjórn Sorpu með samþykki sveitarfélaganna. Ekkert samráð var haft við stjórn Sorpu eða sveitarfélög sem eiga aðild að samningnum um ákvörðun Kópavogsbæjar um lokun á Dalvegi.
- Gerð var breyting á samningi sveitarfélagann um rekstur endurvinnslustöðva árið 2012 þegar Sorpa óskaði eftir að endurvinnslustöð á Kjalarnesi yrði lokað í hagræðingarskyni. Var sú ákvörðun borin undir borgar- og bæjarráð sveitarfélaga sem áttu aðild að samningnum, sjá meðfylgjandi erindi Sorpu.
- Lóð endurvinnslustöðvar Sorpu við Dalveg 1 hefur ekki verið ráðstafað heldur hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt að auglýst verði eftir áhugasömum aðilum um þróun á lóð bæjarins við Dalveg 1 sbr. fundargerð bæjarstjórnar Kópavogs 25. febrúar sl.¹ Bænum er því í lófa lagt að koma í veg fyrir þjónustuskerðingu fyrir íbúa Kópavogs, Reykjavíkur og Garðabæjar með að fresta ráðstöfun lóðarinnar þar til ný stöð hefur verið reist við Glaðheima.

¹ <https://www.kopavogur.is/is/stjornsysla/fundargerdir/baejarstjorn/3976>



Reykjavík




Þar sem lóð hverfastöðvar skrifstofu borgarlandsins er í notkun og skrifstofan má ekki við að missa hluta af henni er lagt til að umsókn Sorpu verði hafnað.

Virðingarfyllt,
Guðmundur Benedikt Friðriksson
Skrifstofa umhverfisgæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt:

- Þjónustusamningur um rekstur endurvinnslustöðva
- Viðauki við þjónustusamning um rekstur endurvinnslustöðva



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu
101 Reykjavík

Gufunesi 8. febrúar 2012

Þjónustusamningur SORPU bs og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um rekstur endurvinnslustöðvanna

Meðfylgjandi eru drög að viðauka við ofangreindan þjónustusamning, en vegna lokunar endurvinnslustöðvarinnar á Kjalarnesi er þörf á breytingum á tveimur liðum samningsins. Stjórn SORPU bs. hefur samþykkt þessa breytingu á fundi sínum þann 23. janúar en afrit úr fundargerð fundarins er sem hér segir:

„Lögð fram tillaga um viðauka við þjónustusamning, aðildarsveitarfélaga SORPU og SORPU bs, um rekstur endurvinnslustöðvanna. Það er að 5.gr skal breyta þannig að þjónustusamningurinn endurspegli réttan fjölda endurvinnslustöðva og 6.gr. breytt þannig að miðað er við 12 km fjarlægð frá byggð og tekið tillit til þéttni íbúðarbyggðar við staðsetningu stöðva. Auk þess að þjónustutími breytist úr 327 í 312 klukkustundir. Stjórn samþykkir tillöguna.“

Óskað er staðfestingar sveitarfélaganna á ofangreindri breytingu. Drög að viðauka við þjónustusamninginn fylgir bréfi þessu.

Virðingarfyllst,



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

Samhljóða erindi sent á:

Borgarráð Reykjavíkur
Bæjarráð Kópavogs
Bæjarráð Mosfellsbæjar
Bæjarráð Garðabæjar
Bæjarstjórn Seltjarnarnessbæjar
Bæjarráð Álftanes

Sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Kópavogur, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær og sveitarfélagið Álftanes annarsvegar og SORPA bs. hinsvegar samþykkja meðfylgjandi

Viðauka við þjónustusamning

um rekstur endurvinnslustöðva frá janúar 2007

Stöðinni á Kjalarnesi hefur verið lokað, sem leiðir til þess að breyta þarf greinum 5 og 6 í ofangreindum samningi.

5. gr

Þjónustutími endurvinnslustöðva

Þjónustutími endurvinnslustöðvanna á svæðinu skal vera allt að 312 tímar á viku. Við fjölgun eða fækkun stöðva skal heildar þjónustutími aukast eða minnka um 52 tíma á viku. Stjórn SORPU ákveður opnunartíma stöðvanna en hver stöð skal vera opin að lágmarki 45 tíma á viku. Við ákvörðun opunartríma skal taka mið af góðri þjónustu við íbúa og hagkvæmni í rekstri.

6. gr.

Fjöldi og staðsetning endurvinnslustöðva

Stefnt skal að því að vegalengd frá íbúðarhúsi að næstu stöð sé ekki meiri en 12 km. (loftlína) enda séu heppilegar lóðir fáanlegar innan þeirra marka. Staðsetningu stöðvanna skal að jafnaði þannig fyrir komið að tekið sé mið af þéttni íbúðabygginga og að aðkoma að stöðvunum sé sem greiðust.

Að örðru leiti er upphaflegur samningur dagsettur í janúar 2007 í gildi.

Aðrar greinar samningsins eru óbreyttar.

Reykjavík febrúar 2012

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Kópavogsbæjar

f.h. Mosfellsbæjar


f.h. Garðabæjar

f.h. Hafnarfjarðarbæjar

f.h. Seltjarnarnesbæjar

f.h. SORPU bs.

f.h. Sveitarfélagsins Álftanes



Hr. borgarstjóri
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. febrúar 2007

Meðfylgjandi er afrit að undirritun þjónustusamnings sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu við SORPU bs um rekstur endurvinnslustöðva á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Ögmundur Einarsson
framkvæmdastjóri

Sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær og Sveitarfélagið Álftanes annars vegar og SORPA bs. hins vegar gera með sér svohljóðandi

Þjónustusamning

um rekstur endurvinnslustöðva fyrir sveitarfélögin.

1. gr.

Verkefni

SORPA tekur að sér rekstur endurvinnslustöðva fyrir sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarbæ, Garðabæ, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesbæ og Sveitarfélagið Álftanes samkvæmt 2. gr., lið b í stofnsamningi SORPU og nánari lýsingu á þjónustusamningi þessum. Í þjónustusamningnum eru framangreind sveitarfélög nefnd “sveitarfélögin”.

Þjónusta á endurvinnslustöðvum

2. gr.

Tilgangur með rekstri

Tilgangur með rekstri endurvinnslustöðva er að taka við flokkuðum úrgangi til endurnotkunar eða endurnýtingar og öðrum úrgangi sem sorphirða sveitarfélaganna safnar ekki með heimilisúrgangi.

3. gr.

Móttaka úrgangs frá heimilum

Á endurvinnslustöðvum skal tekið við öllum flokkum úrgangs sem nauðsynlegt er að flokka til að ná markmiðum laga og reglugerða um flokkun og endurnotkun eða endurnýtingu úrgangs og einnig flokkum sem hagkvæmt er að flokka til endurnotkunar eða endurnýtingar. Tekið skal við óflokkuðum heimilisúrgangi en íbúar skulu hvattir til að flokka úrgang sem losaður er á stöðvunum en starfsmönnum SORPU er heimilt að vísa frá stærri óflokkuðum förmum. Heimilt er að taka við allt að 2m³ förmum á stöðvunum.

4. gr.

Móttaka úrgangs frá rekstraraðilum.

Tekið skal við úrgangi frá rekstraraðilum gegn gjaldi sem nemur raunkostnaði við móttöku og förgun eða endurnotkun/-nýtingu úrgangsins. Heimilt er að taka við allt að 2m³ förmum frá rekstraraðilum á tilteknum stöðvum, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar SORPU.

5. gr.

Þjónustutími endurvinnslustöðva

Þjónustutími endurvinnslustöðvanna á svæðinu skal vera allt að 327 tíma á viku. Við fjölgun eða fækkun stöðva skal heildar þjónustutími aukast eða minnka um 52 tíma á viku að stöðinni á Kjalarnesi frátalinni. Stjórn SORPU ákveður opnunartíma stöðvanna en hver stöð skal vera

opin að lágmarki 45 tíma á viku en endurvinnslustöðin á Kjalarnesi skal vera opin að lágmarki 12 tíma á viku. Við ákvörðun opnunartíma skal taka mið af góðri þjónustu við íbúa og hagkvæmni í rekstri stöðvanna.

6. gr.

Fjöldi og staðsetning endurvinnslustöðva

Að jafnaði skal ekki vera lengra en 3,5 km (loftlína) að hverri stöð frá íbúðarhúsi, enda séu heppilegar lóðir fáanlegar innan þeirra marka. Stöðvarnar skulu vera þannig staðsettar að aksturleiðir og aðkoma að stöðvunum sé greið.

Fjármál og rekstur

7. gr.

Rekstur endurvinnslustöðvanna

SORPA skal leitast við að reka endurvinnslustöðvarnar með sem hagkvæmustum hætti. Innkaup skulu framkvæmd samkvæmt innkaupareglum SORPU og tekið skal tillit til umhverfissjónarmiða við útboð og innkaup.

8. gr.

Rekstrartekjur og móttökugjöld

Rekstrartekjur endurvinnslustöðvanna eru eftirfarandi:

- a. Af móttökugjöldum sem íbúar greiða á stöðvunum.
- b. Af móttökugjöldum sem rekstraraðilar greiða á stöðvunum.
- c. Endurgreiðslur úrvinnslugjalds.
- d. Þóknun fyrir þjónustu til þriðja aðila sem njóta þjónustu stöðvanna.
- e. Sala endurvinnsluefna.
- f. Greiðslur sveitarfélaganna fyrir rekstur stöðvanna.

9. gr.

Rekstrarkostnaður, greiðslur sveitarfélaganna

Sveitarfélögin greiða SORPU rekstrarkostnað umfram tekjur sbr. 8. gr. lið f.

Þóknun SORPU fyrir rekstur stöðvanna er 3% af brúttórekstrarkostnaði. Þóknunin skal standa undir kostnaði SORPU vegna yfirstjórnar, fjársýslu o.fl., þar á meðal þátttöku í almennt kynningarstarfsemi byggðasamlagsins.

Kostnað sem hlýst af fráviki frá áætluðu magni úrgangs eða förgunar-, endurnýtingar- eða endurnotkunarkostnaði skal SORPA innheimta hjá sveitarfélögunum við ársuppgjör. Sé magn úrgangs eða kostnaður við förgun, endurnýtingu eða endurnotkun úrgangs undir áætlun skal SORPA endurgreiða sveitarfélögunum ofgreidd gjöld. Heimilt er að færa vanrukkuð eða ofgreidd gjöld milli ára þ.e. þau leggjast við eða dragast frá gjöldum næsta árs.

Kostnaði sveitarfélaganna skal skipt hlutfallslega milli þeirra m.v. íbúatölu hjá hverju sveitarfélagi. Skal miða við íbúatölu hinn 1. desember næstan á undan greiðsludegi. Við ársuppgjör skal miða við sömu hlutfallstölu og viðkomandi rekstrarár.

10. gr.

Fjölgun, fækkun, færsla eða meiriháttar breyting á stöðvum

Ákvörðun um fjölgun, fækkun, færslu eða meiriháttar breyting á endurvinnslustöðvunum skal tekin af stjórn SORPU með samþykki sveitarfélaganna.

11. gr.

Áætlanir og uppgjör

SORPA skal vinna fjárhagsáætlun og uppgjör og senda sveitarfélögunum samkvæmt eftirfarandi:

- a. Fjárhagsáætlun fyrir 31. október ár hvert.
- b. Ársuppgjör fyrir 1. apríl ár hvert.
- c. Hálfárs uppgjör fyrir 30. ágúst ár hvert.
- d. Níu mánaða uppgjör fyrir 15. nóvember ár hvert.
- e. Ársfjórðungslegt magnuppgjör.

Ýmis ákvæði

12. gr.

Útlit og frágangur stöðvanna

Leitast skal við að hafa endurvinnslustöðvarnar og umhverfi þeirra snyrtilegt og takmarka dreifingu úrgangs frá þeim eins og kostur er. Stöðvarnar skulu afgirtar til að takmarka sjónmengun frá þeim og fok og hættu á að óviðkomandi fari eftirlitslaust inná stöðvarnar.

13. gr.

Gildistími og endurskoðun samnings

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og skal endurskoðaður árlega með hliðsjón af framvindu og reynslu.

Reykjavík, janúar 2007

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Kópavogsbæjar

f.h. Mosfellsbæjar

f.h. Garðabæjar


f.h. Hafnarfjarðarbæjar

f.h. Sveitarfélagsins Alftanes

f.h. SORPU bs

pr.pr. SORPA b.s.

● Endurvinnslustöðvar SORPU



KK



Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 15. september 2006

R06010059

6250-0

GE/jb

Sorpa bs.

Ögmundur Einarsson, framkvæmdastjóri

Pósthólf 12100

132 Reykjavík

Þjónustusamningur um rekstur endurvinnslustöðva fyrir sveitafélögin

Á fundi borgarráðs 14. þ.m. var lagt fram bréf framkvæmdastjóra Sorpu bs. frá 30. f.m. ásamt drögum að þjónustusamningi um rekstur endurvinnslustöðva fyrir sveitafélögin. Jafnframt lagt fram bréf skrifstofustjóra umhverfissviðs frá 4. apríl sl.

Borgarráð samþykkti erindið.

Gunnar Eydal

e.u.

Samrit:

Umhverfissvið

SÖLVA	
Mótt:	19 SEP 2006
Ath:	Nr:



SELTJARNARNESBÆR
Sorpa

Ögmundur Einarsson,
framkvæmdastjóri
Gufunes
112 Reykjavík

Seltjarnarnes, 18. september 2006
Tilvísun 2006010038/582

Efni: Þjónustusamningur

Á fundi fjárhags- og launanefndar Seltjarnarnesbæjar þann 7. september sl., var fjallað um bréf Sorpu dags. 30. ágúst sl., ásamt drögum að þjónustusamningi við aðildarfélög Sorpu.

Fjárhags- og launanefnd Seltjarnarnesbæjar gerir ekki athugasemdir við drögin og felur bæjarstjóra að undirrita þjónustusamninginn fh. bæjarins, samþykki önnur sveitarfélög sem hlut eiga að máli samninginn.

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju

Lúðvík Hjalti Jónsson,
framkvæmdastjóri fjárhags- og
stjórnsýslusviðs.

SORPA	
Mótt:	19 SEP 2006
Ath:	Nr:

Reykjavík, 4. apríl 2006

Borgarstjórinn í Reykjavík
Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Á fundi Umhverfissráðs 3. apríl 2006 var tekið fyrir eftirfarandi:

Rekstur endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu – þjónustusamningur.

Lagt fram á ný bréf borgarstjórans í Reykjavík dags. 13. janúar 2005.

R-listi lagði fram svohljóðandi bókun: “Umhverfissráð telur jákvætt að gengið sé frá sérstökum þjónustusamningi um rekstur endurvinnslustöðva fyrir sveitarfélögin og mælir með því við borgarráð að samningurinn verði samþykktur.

Umhverfissráð telur þó rétt að áréttta eftirfarandi:

Samkvæmt 6. gr. samningsins er gert ráð fyrir að að jafnaði skuli ekki vera lengra en 3,5 km að hverri stöð frá íbúðarhúsi. Í þeim tilgangi að tryggja viðunandi þjónustu við íbúa í Grafarholti, norðanverðum Grafarvogi og nýrri byggð í Úlfarsárdal er nauðsynlegt að flýta eins og kostur er byggingu nýrrar stöðvar við Vesturlandsveg/Úlfarsárdal sem fyrirhuguð er skv. yfirlitskorti sem fylgir þjónustusamningnum. Reykjavíkurborg leggur ríka áherslu á þetta atriði.

Skv. a. lið 8. gr. skulu endurvinnslustöðvar hafa rekstrartekjur m.a. af móttökugjöldum sem íbúar greiða á stöðvunum. Skoða þarf nánar útfærslu á innheimtu móttökugjalda hjá íbúum og fyrirtækjum. Umhverfissráð telur mikilvægt að í þeirri vinnu verði horft til þeirra sjónarmiða sem s.k. greiðsluregla byggir á, þ.e. að sá geldur sem veldur, á sama tíma og gætt sé hófs við gjalddöku þannig að hún dragi ekki úr endurvinnslu íbúa. Það er mikilvægt að skýrar reglur um gjaldskyldu sem eru gagnsæjar og einfaldar í framkvæmd. Umhverfissráð er reiðubúið að koma frekar að þeirri vinnu með Sorpu á næstunni.“

Virðingarfyllst,

Örn Sigurðsson
skrifstofustjóri

Ögmundur Einarsson

From: Guðmundur G. Gunnarsson [gudmundur@alftanes.is]
Sent: 15. febrúar 2006 11:02
To: ogmundur@sorpa.is
Subject: Þjónustusamningur

Heill og sæll.

Á fundi bæjarráðs Álftaness þann 2. febrúar sl. samþykkti bæjarráð fyrir sitt leyti þjónustusamning um rekstur endurvinnslustöðva fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Samþykktin eru þau drög, sem þá lágu fyrir fundinum.

Kveðja,

Guðmundur G. Gunnarsson,
bæjarstjóri



Sveltartétagið

ÁLFTANES

Þjamastöðum, 225 Álftanes
Sími 550-2300

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans getur innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Ef póstur þessi berst fyrir mistök þá vinsamlegast gerið sendanda viðvart og eyðið póstsendingunni.

15.2.2006

SORPA	
Mótt:	15 FEB 2006
Ath:	NR 010.



Sorpa bs.
b.t. framkvæmdastjóra
Gufunesi
112 Reykjavík.

Hafnarfirði, 13. mars 2006.

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar þann 16. febrúar sl. voru kynntar tillögur að þjónustusamningi milli Sorpu bs. og aðildarfélaga byggðasamlagsins.

Bæjarráð Hafnarfjarðar gerir ekki athugasemdir við tillögur þær sem kynntar voru á fundinum.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Anna Jörgensdóttir,
ritari bæjarráðs.

SORPA	
Mótt:	16 MAR 2006
Ath: OE	0201

SORPA
Gufunesi
Pósthólf 12100
132 REYKJAVÍK

Garðabæ, 20. desember 2006.
Tilvísun: 2005020012


Efni: Þjónustusamningur

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar þann 19. desember sl. var tekið fyrir bréf yðar varðandi þjónustusamning, dags. 30. ágúst 2006.

Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi þjónustusamning, enda gerir hann ekki ráð fyrir breytingu á móttökugjöldum almennings hjá endurvinnslustöðvum.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,



Guðjón E. Friðriksson,
bæjarritari

SORPA	
Mótt:	21 DEC 2006
Ath: 	Nr:



MOSFELLSBÆR

SORPA bs
b.t. Ögmundar Einarssonar framkv.stj.
Pósthólf 12100
132 Reykjavík

Mosfellsbæ, 2. nóvember 2006
nr. erindis 200609036 sój

Efni: Varðandi drög að þjónustusamningi.

Á 799. fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar þann 2. nóvember 2006 var tekið fyrir erindi Sorpu bs. frá 30. ágúst 2006 varðandi þjónustusamning á milli Sorpu bs. og Mosfellsbæjar (aðildarsveitarfélags Sorpu bs.).

Bæjarráð gerði svohljóðandi samþykkt:

Samþykkt með þremur atkvæðum að gera svofelldar athugasemdir við fyrirbyggjandi drög að þjónustusamningi. Bæjarráð Mosfellsbæjar leggur á það áherslu að móttökustöð Sorpu bs. verði áfram staðsett að sinni á núverandi stað við Blíðubakka í Mosfellsbæ. Ef um það er almennur vilji aðildarsveitarfélaganna að móttökugjöld sem íbúar greiða verði aflögð, verði það gert í tilraunaskyni til eins árs

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með um leið og óskað er viðbragða Sorpu bs. við samþykkt bæjarráðs.

Virðingarfyllt
f.h. bæjarráðs Mosfellsbæjar


Stefán Ómar Jónsson
Bæjarritari

SORPA	
Mótt:	3 NOV 2006
Ath:	Nr:

sf. 26/1

Tæknideild Kópavogs

Fannborg 2 – 200 Kópavogur – sími 570 1550

Kópavogi, 24. janúar 2006
PH/060124so

Til bæjarráðs Kópavogs.

Efni: Sorpa – Þjónustusamningur.

Á fundi bæjarráðs 12. þ.m. var lagt fram erindi Sorpu, dags. 4. þ.m., þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélaganna um drög að þjónustusamningi milli SORPU bs og aðildarsveitarfélaga um rekstur endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Bæjarráð vísaði erindinu til umsagnar undirritaðs.

Umsögn:

Þjónustusamningur um rekstur endurvinnslustöðva er nýmæli. Hins vegar eru fyrirbyggjandi drög í meginatriðum í samræmi við gildandi fyrirkomulag.

Í erindi SORPU er vakin sérstök athygli á 6. og 8. grein þar sem fjallað er um annars vegar fjölda stöðva á svæðinu og hins vegar um gjaldtöku fyrir þjónustuna.

Í 6. grein segir m.a. “Að jafnaði skal ekki vera lengra en 3,5 km (loftlína) að hverri stöð frá íbúðarhúsi, enda séu heppilegar lóðir fáanlegar innan þeirra marka.” Í athugasemdum SORPU er bent á að þetta ákvæði taki ekki beint á dreifingu stöðvanna. T.d. skarast þjónustusvæði stöðvanna við Dalveg, Sævarhöfða og Jafnasel töluvert, ef miðað er við 3,5 km radíus, sbr. meðfylgjandi uppdrátt. Að mati SORPU er ástæða til að skoða færslu stöðvarinnar við Jafnasel til að jafna dreifingu stöðvanna. Í þessu sambandi skal bent á að í 10. grein draganna segir m.a.: “Ákvörðun um fjölgun, fækkun, færslu eða meiriháttar breytingar á endurvinnslustöðvunum skal tekin af stjórn SORPU með samþykki sveitarfélaganna”.

Varðandi 8. grein ber helst að nefna að það er mat SORPU að skoða þurfi nánar útfærslu á innheimtu móttökugjalda hjá íbúum og fyrirtækjum.

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð liti jákvætt á fyrirbyggjandi drög að þjónustusamningi um rekstur endurvinnslustöðva og feli bæjarstjóra að undirrita samninginn.

Þórarinn Hjaltason
bæjarverkfræðingur

Öðru leyti en því að ekki er fallist á hugmyndir um færslu endurvinnslustöðvar við Jafnasel og innheimtu móttökugjalda af íbúum.”

Þórarinn Hjaltason
bæjarverkfræðingur

Tæknideild Kópavogs

Fannborg 2 – 200 Kópavogur – sími 570 1550

Kópavogi, 13. september 2006
BH/060913so

Til bæjarráðs Kópavogs.

Efni: Sorpa – Þjónustusamningur.

Eftirfarandi var bókað í bæjarráði 7/9:

“Frá Sorpu bs, dags. 30/8, drög að þjónustusamningi milli Sorpu bs. og sveitarfélaganna um rekstur endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Bæjarráð vísar erindinu til umsagnar bæjarverkfræðings.”

Umsögn:

Á fundi bæjarráðs 12. janúar s.l. var lagt fram erindi Sorpu, dags. 4. s.m., þar sem óskað var eftir umsögn sveitarfélaganna um sömu drögin að þjónustusamningi milli SORPU bs og aðildarsveitarfélaga um rekstur endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Bæjarráð vísaði erindinu til umsagnar undirritaðs. Á fundi bæjarráðs 26. janúar s.l. var lögð fram meðfylgjandi umsögn undirritaðs, dags. 24. s.m. Bæjarráð bókaði eftirfarandi:

“Frá bæjarverkfræðingi, dags. 24/1, varðandi þjónustusamning við SORPU. Lagt er til að bæjarráð líti jákvætt á fyrirbyggjandi drög að þjónustusamningi um rekstur endurvinnslustöðva. **Samþykkt.**”

Í erindi Sorpu kemur fram að aðeins 2 sveitarfélög svöruðu erindinu frá 4. janúar s.l. án þess að taka afstöðu til sérstaklega var beðið um, en þau koma fram í 6. og 8. grein draganna, þar sem annars vegar er fjallað um fjölda stöðva á svæðinu og hins vegar um gjaldtöku fyrir þjónustuna.

Varðandi fjölda stöðva á svæðinu þá kemur fram í neðanmálsgrein í drögunum, að þjónustusvæði stöðvanna við Sævarhöfða, Jafnasel og Dalveg skarast nokkuð, þannig að ástæða sé til að skoða færslu stöðvarinnar við Jafnasel. Undirritaður efast um ágæti þess að færa þá stöð, þar sem það myndi líklega leiða til þess að þjónusta við austursvæði bæjarins yrði lakari.

Varðandi gjaldtöku fyrir þjónustu endurvinnslustöðvanna þá telur undirritaður hæpið að innheimta móttökugjöld af íbúum, sbr. 8. gr. a-lið.

Tillaga að bókun:

“Frá bæjarverkfræðingi, umsögn dags. 13/9 um erindi Sorpu dags. 30/8. Bæjarráð samþykkir umsögnina og lítur jákvætt á fyrirbyggjandi drög að þjónustusamningi, að

Tæknideild Kópavogs

Fannborg 2 – 200 Kópavogur – sími 570 1550

Kópavogi, 19. september 2006
BH/060919so

Sorpa bs.
b.t. Ögmundar Einarssonar, framkvæmdastjóra
Gufunesvegi
112 Reykjavík

Efni: Þjónustusamningur.

Vísað er til erindis yðar, dags. 30. f.m.

Eftirfarandi var bókað í bæjarráði Kópavogs 7/9:


“Frá Sorpu bs, dags. 30/8, drög að þjónustusamningi milli Sorpu bs. og sveitarfélaganna um rekstur endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Bæjarráð vísar erindinu til umsagnar bæjarverkfræðings.”

Á fundi bæjarráðs 14. þ.m. var lögð fram meðfylgjandi umsögn undirritaðs, dags. 13. s.m., um erindi yðar. Bæjarráð bókaði eftirfarandi:

“Frá bæjarverkfræðingi, dags. 13/9, umsögn um erindi Sorpu dags. 30/8. Bæjarráð tekur undir umsögnina og lítur jákvætt á fyrirleggjandi drög að þjónustusamningi, að öðru leyti en því að ekki er fallist á hugmyndir um færslu endurvinnslustöðvar við Jafnasel og innheimtu móttökugjalda af íbúum.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Þórarinn Hjaltason
bæjarverkfræðingur

SORPA	
Mótt:	20 SEP 2006
Ath:	ÖE

Skýrsla framkvæmdastjóra

Stjórnarfundur 518 18. ágúst 2025

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri



Umhverfismál



SORPA er leiðandi umhverfis- og þekkingarfyrirtæki

- Starfsleyfi urðunarstaður:
 - Reglulegt mat í gangi á áhrifum sigvatns urðunarstaðarins á lífríki sjávar
 - Kræklingar notaðir til að sía agnir úr sjónum, sem gefur vísbendingar um styrk efna í umhverfinu. Sögulega séð hafa niðurstöður verið undir mörkum starfsleyfis
- Mengaður jarðvegur.
 - Mörgum spurningum er ósvarað hvað varðar meðhöndlun á menguðum jarðvegi eftir að reglugerð um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 tók gildi. Í undirbúningi er erindi frá SORPU og fleiri aðilum til Umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytisins þar sem farið er fram á að vinnu við gerð nauðsynlegra leiðbeininga, sem kveðið er á um í reglugerðinni, verði flýtt. Enginn urðunarstaður fyrir spilliefni er auk þess til á Íslandi, sem telja verður brýnt verkefni að leysa, þar sem útflutningur á menguðum jarðvegi er bæði flókinn og kostnaðarsamur.

Gæða- og öryggismál



Eitt af áherslumálum SORPU er að viðhalda vottuðum stjórnkerfum

- SORPA bs. endurnýjaði vottun sína á stjórnkerfum sínum í maí s.l. Vottunin nær yfir staðlana ISO9001, ISO45001 og ISO14001. Versa vottun er úttektaraðili.
 - Minniháttar frávik fundust en helst er að nefna að samráð við starfsmenn og verktaka hefur stóraukist með hækkandi starfsánægju. Einnig er unnið að því að einfalda og skýra ferla og auka virkni stjórnkerfanna.
- Til skoðunar er að innleiða ISO27001 vegna aukinna öryggiskrafna í upplýsingatækni. Markmiðið er að tryggja markvissa, samfellda og faglega stjórnun upplýsingaöryggis innan fyrirtækisins, í takt við kröfur ISO27001 og NIS2 reglugerðarinnar sem fyrirtækið mun falla undir sem fyrirtæki í floknum "mikilvægir innviðir".
- Í samræmi við innri og ytri úttektir á starfseminni og samanburð við kröfur sem settar eru fram í ISO45001 er verið að uppfæra starfsmannaaðstöðu í Jafnaseli, Blíðubakka og Ánanaustum. Uppfærsla á starfsmannaaðstöðu á Sævarhöfða bíður vegna fyrirhugaðrar lokunar á stöðinni um mitt ár 2026. Unnið er að breytingum á Breiðhelli. Starfsmannaðstaða verður bætt og þjónustu upplifum viðskiptavina er í mikilli endurmótun.

Tækniverkefni og viðhaldsmál

- Í samræmi við áherslur SORPU bs. um að auka gagnsæi og fyrirsjáanleika í rekstri, er leiga hafin til annara deila á búnaði/eignum sem deild 41 hefur fjárfest í ásamt gerð leigusamnings
- Tryggir að safnað sé fyrir nýfjárfestingum og endurnýjun. Fjárfestingaáætlun hefur verið uppfærð og verður fyrirmynd að fjárfestingaáætlun fyrir komandi ár.
- Áhersla er lögð á að öll tæki og búnaður skuli hafa áætlað endurnýjunarverð, skilgreindan afskriftartíma, fjárfestingakostnað og reiknaða innri vexti
- Helstu verkefni næstu mánaða er að skerpa á verklagi við fjárfestingar og að samningar milli deilda séu til staðar, ásamt kynningu og innleiðingu stefnu og verklagsreglna sem eru í samræmi við rekstrarlegar áherslur SORPU sem nefndar eru hér að ofan.
- Viðhaldsmál GAJA eru í brennidepli og áætlun þess efnis að þróast. Gera má ráð fyrir meiri fjárfestingum á næstu árum vegna endurnýjunar og möguleika á að ná fram framleiðsluaukningu.
- Tæknistjóri SORPU og forsvarsmenn Kölku sf. fóru til Finnlands í maí til að ræða og fræðast um rekstur nýlegra 130 til 150 þúsund tonna brennslna. Mjög áhugaverðar niðurstöður sem styrkja enn frekar fýsileika þess að byggja brennslustöð á Íslandi.

Framkvæmd nýrrar endurvinnslustöðvar

Staðan í viku 33:

- Framkvæmdin er á áætlun
 - Búið að steypa stöpla
 - Byrjað að steypa útveggi
 - Veitur hafa tengt 315ah vinnuheimtaug inn á lóð
 - Byggingarkrani kemur á svæðið í næstu viku
 - Veitur tengja endanlega heimtaug þegar uppsteypun lagnagangar er lokið - september

Verktaki áætla að loka húsinu fyrir veturinn

SORPA er með daglegt eftirlit á verkstað og gengur samstarf við verktaka mjög vel. Verið er að skoða útfærslur til hagræðingar, þ.e. lækkun kostnaðar sem og styttingu framkvæmdatíma



Foktjón á meltutönkum GAJA

- Helstu atriði:
 - Foktjón varð á meltutönkum í apríl sl. Hefur haft áhrif á framleiðslu metangass.
 - SORPA bs. gerði kröfu í byggingastjóratryggingu Ístaks
 - Tjón er töluvert
 - Hönnun, efni og uppsetning nýrrar klæðningar
 - Heildartjón gæti orðið um 100 m.kr. fyrir báða tankana
- Staða mála:
 - Ístak hefur viðurkennt að hönnun festinga hafi verið ábótavant
 - Ístak hefur kafið framleiðanda tankanna um úrbætur
 - SORPA ætlar óska eftir dómskvaddu mati



SORPA bs. mun fara fram með ítrustu kröfur um úrbætur.

Rekstur gengur í stórum dráttum samkvæmt áætlun

- Magn í GAJU á pari fyrstu sex mánuði ársins við sama tímabil í fyrra. Er 3% undir áætlun sem skýrist helst af matvælum í umbúðum. Sem eru ekki að berast í því magni sem lagt var upp með.
- Moltu hefur verið dreift án endurgjalds í sumar á endurvinnslustöðvum og GAJA og gengið vel
- 73 íbúar sóttu t.d. samtals 31 tonn af moltu á laugardögum í sumar
- Fjöldi verkefna yfirstandandi, aðallega vegna viðhalds og bestunar á lífgasframleiðslu, og til að bæta starfsaðstæður í stöðinni



Ýmis verkefni á mannauðssviði

- Nýtt samskiptakerfi, Ziik verður innleitt í stað Workplace sem er að loka
- Mannauðsstefna hefur verið uppfærð og verður lögð fyrir stjórn til samþykktar
- Nýtt mannauðskerfi, Journeys/50skills verður innleitt á haustmánuðum. Journeys tryggir skilavirkara og jákvæðara ráðningarferli, kerfið einfaldar og heldur utan um móttöku starfsfólks, starfslok ásamt því er hægt að nýta kerfið til fræðslu fyrir starfsfólk
- Fræðslu og þjálfunarmál verða í forgangi, allt frá móttöku nýliða yfir í stöðuga síþjálfun og þróunar starfsfólks með það að markmiði að efla hæfni, starfsánægju og þjónustustig
- Verkefni í tengslum við heilbrigða og jákvæða vinnustaðamenningu

Tvískipt textílsöfnun

- Tilraunaverkefni við söfnun textíls í undirbúningi
- Unnið að sérstakri söfnun á nothæfum textíl á endurvinnslustöðvum og miðla til endursöluaðila
- Blönduðum textíl áfram safnað á grenndarstöðvum
- Ónothæfum textíl safnað sérstaklega á endurvinnslustöðvum
- Markmiðið að koma meira af textíl inn í hringrásina innanlands með ódýrari og skilvirkari hætti

Endurvinnslustöðvar



- Tæplega 10% meira magn borist á fyrri hluta árs samanborið við sama tímabil í fyrra
- Um 2% færri heimsóknir á endurvinnslustöðvar en í fyrra
- Móttöku fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir á endurvinnslustöðinni á Blíðubakka í Mosfellsbæ lokað
- Uppbygging á nýrri starfsmannaaðstöðu á svæðinu sem móttakan stóð að hefjast